

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Samband íslenskra sveitarfélaga**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála**
Dagsetning: **24.02.2021**
Málsnúmer: **FJR21010040**
Bréfalykill: **7.1**

Efni: Staðgreiðsla sveitarfélaga á árinu 2020 og uppgjör

Í því skyni að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldursins var gerð eftirfarandi breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

Frestun gjalddaga staðgreiðslu og tryggingagjalds

- Samkvæmt lögum nr. **17/2020** var helmingi af greiðslu á staðgreiðslu launamanna og tryggingagjaldi vegna launa í febrúar 2020, þ.e. gjalddagi 1. mars 2020, frestað hjá öllum launagreiðendum. Upphaflega náði frestunin til 1. apríl 2020.
- Með lögum nr. **25/2020** var fresturinn framlengdur með gjalddaga 15. janúar 2021 auk þess sem heimilað var að fresta greiðslu á þremur gjalddögum á tímabilinu 1. apríl til og með 1. desember 2020. Samkvæmt sömu lögum var launagreiðendum síðan heimilað að fresta enn lengur greiðslu á því sem frestað hafði verið og dreifa greiðslum á mánuðina júní, júlí og ágúst 2021. Sækja þurfti um aukinn greiðslufrest til og með 15. janúar 2021. Greiðslufresturinn fól ekki í sér frest á skilum skilagreina vegna staðgreiðslu, þeim bar að skila með sama hætti og áður fyrir lok 15. hvers mánaðar.
- Með 10. gr. laga nr. **141/2020** var heimilað að fresta greiðslu á allt að tveimur gjalddögum frá og með 1. janúar til og með 1. desember 2021. Nýr gjalddagi er samkvæmt því 17. janúar 2022.

Daglegt uppgjör við sveitarfélög er byggt á daglegri innheimtu staðgreiðslu og var því strax ljóst að frestanir á innheimtu skv. framangreindum lögum myndu hafa áhrif á uppgjör til sveitarfélaga.

Mars 2020

Fjármála- og efnahagsráðuneytið (FJR) ákvað að tryggja greiðslur til sveitarfélaga sem var frestað í þeim mánuði skv. lögum nr. 17/2020 sem getið er um hér að framan. Var þetta gert með tveim aukagreiðslum í mánuðinum að fjárhæð rúmir 4 ma.kr. þann 18. mars og 402 m.kr. þann 31. mars. Gert var ráð fyrir að greiðslur í mars til sveitarfélaga væru svipaðar og febrúar 2020 og var þeim dreift á sveitarfélög til samræmis við það.

Desember 2020

Sveitarfélög fengu greiddar 3,1 ma.kr.- sem byggðu á upplýsingum frá Fjársýslunni um stöðu á frestunum að fráreginni greiðslu á frestinum fyrir tímabilið mars 2020 til nóvember 2020.

Heildargreiðsla frestana til sveitarfélaga nam því rúmlega 7,5 milljörðum króna á árinu 2020.

Janúar 2021

Í janúar 2021 var komið að stórum endurgreiðslum á frestunum sem voru veittar á árinu 2020. Þessar greiðslur fóru inn í innheimtuskilakerfið og voru greiddar áfram til sveitarfélaga sem hluti af hefðbundnu uppgjöri, samtals um 3,9 ma.kr. Við uppgjör desembermánaðar 2020 reyndust inngreiðslur á frestunum vera meiri en frestanir þannig að einnig var um tvígreiðslu að ræða í þeim mánuði að fjárhæð 227 m.kr. (endurgreiðslan í desember til sveitarfélaga náði yfir tímabilið mars til

nóvember 2020).

Þannig fengu sveitarfélög í raun greitt aftur að hluta þær greiðslur á frestunum sem þau höfðu þegar fengið greiddar frá Ríkissjóði á árinu 2020. Heildarfjárhæð ofgreiðslunnar í desember 2020 og janúar 2021 nam um 4,2 ma.kr.

Framkvæmd endurgreiðslu

Fjársýslan hefur farið yfir málið með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hefur tekið saman yfirlit sem sýnir umfang þessarar ofgreiðslu og **ætti ofgreiðslan ekki að teljast með útsvarsgreiðslum ársins 2020.**

Meðfylgjandi er yfirlit yfir greiddar frestanir annars vegar í desember 2020 og hins vegar í janúar 2021 skipt niður á sveitarfélög, samtals 4,2 ma.kr. Sundurliðun á hvert sveitarfélag er í samræmi við greiðslur til sveitarfélaga í mars og desember 2020 og minnst var á hér að framan. **FJR leggur til að ofgreiðslan verði dregin frá greiðslu Fjársýslunnar til sveitarfélaga með þremur afborgunum, í uppgjörum um miðjan mars, apríl og maí.**

Greidd staðgreiðsla 2021 og upplýsingagjöf Fjársýslunnar

Á árinu 2021 má síðan búast við að áfram verði sveiflur í greiðslu á staðgreiðslu frá launagreiðendum þar sem annars vegar koma inn innborganir á eldri frestunum á móti nýjum frestunum, en á árinu 2021 má fresta allt að tveimur gjalddögum. Fjársýslan mun gera upp stöðu hvers sveitarfélags 10. hvers mánaðar miðað við stöðu mánuðinn á undan. Breytingar sem verða á frestunum milli mánaða koma svo til greiðslu eða aftektar á viðskiptareikningum sveitarfélaga við skil í uppgjöri um miðjan mánuð.